Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS 22. árg. 2013 1. tbl.

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna

Fulltrúafundur Skógræktarfélags Íslands 2013 var haldinn í Hafnarfirði laugardaginn 6. apríl.

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn, en því næst flutti Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, stutt ávarp. Að því loknu komu fulltrúar þeirra félaga sem mætt voru hver á fætur öðrum upp í pontu og sögðu frá því helsta sem viðkomandi félag er að fást við. Einnig voru þrjú áhugaverð erindi flutt. Gísli Eiríksson fjallaði um Landgræðsluskóga, en hann er formaður nefndar sem fer með málefni þeirra. Fór hann sérstaklega yfir úttekt er gerð var á Landgræðsluskógum og athugun með útboð á grisjun í skógunum.

Jónatan Garðarsson segir frá Höfðaskógi og nágrenni (Mynd:RF).

Því næst tók til máls Þröstur Eysteinsson, sviðsstjóri þjóðskóga hjá Skógrækt ríkisins og sagði frá nýafstaðinni vinnu að stefnumótun um skógrækt, helstu þætti hennar og næstu skref í þeim málum. Einnig kom hann inn á grisjunarþörf í skógum á Íslandi.

Í síðasta erindinu fjallaði Hulda Guðmundsdóttir, skógarbóndi á Fitjum, um gróðurelda og fór yfir ýmsa þætti er lúta að hættumati á gróðureldum, sem og tryggingamál því tengt. Spunnust miklar umræður um öll erindin.

Fundinum lauk svo formlega með gönguferð um Höfðaskóg undir leiðsögn Jónatans Garðarssonar, formanns Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, en hann var einnig fundarstjóri á fundinum. Gönguferðinni lauk svo með hressingu og umræðum um hin ýmsu málefni skógræktar.

Laufblaðið á ýmsu formi

Ágætu lesendur!

Árið 2011 var gerð sú breyting á útgáfu Laufblaðsins að það var gefið út á rafrænu formi og var annað tölublaðið það ár það fyrsta sem kom út eingöngu stafrænt. Lágu ýmsar ástæður að baki þeirri ákvörðun, þótt óneitanlega hafi sú fjárhagslega vegið þar þyngst. Laufblaðið hefur frá upphafi verið gefið út með þeim formerkjum að útgáfa þess standi undir sér, til að félagar í skógræktarfélögum fái það þeim að kostnaðarlausu. Vegna hækkunar kostnaðar og samdráttar í auglýsinga- og styrktartekjum í kjölfar efnahagssviptinganna haustið 2008 var staðan orðin sú að útgáfa næstu tölublaða Laufblaðsins stóð annaðhvort í járnum eða blaðið var gefið út með tapi.

Rafræn útgáfa hefur bæði kosti og galla. Rafrænt form gefur kost á meiri sveigjanleika í útgáfu hvað tímasetningu og uppsetningu varðar, æ fleiri fá sínar fréttir og upplýsingar rafrænt, í gegnum tölvupóst eða á vefnum, og ýmsum finnst kostur að þurfa ekki að taka skápapláss undir blöð eða eyða tíma í að fara með þau í endurvinnslu. Undirritaðri barst einnig bréf frá einum erlendum skógræktarmanni, sem var mjög ánægður með að geta nú notað þýðingarforrit til að lesa blaðið. Á móti kemur að ekki eru allir félagar í skógræktarfélögum með netfang eða fyllilega tölvuvæddir og mörgum finnst einfaldlega þægilegra og betra að lesa af pappír. Það var því ákveðinn hópur sem saknaði þess að fá Laufblaðið inn um bréfalúguna.

Útgáfa Laufblaðsins var nokkuð rædd á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Blönduósi síðast liðið haust. Niðurstaða þeirrar umræðu varð sú að gera tilraun til að koma til móts við þá sem sakna pappírsútgáfunnar með því að gefa eitt blað á ári út á pappír og varð fyrsta tölublað ársins - vorblaðið - fyrir valinu. Önnur tölublöð ársins koma eftir sem áður út á rafrænu formi. Með því að gefa blaðið bæði út á pappír og á rafrænu formi vonumst við til að sinna óskum sem flestra okkar félagsmanna.

Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritstjóri.

Skógarferð til Colorado 2013

Skógræktarfélag Íslands hefur um áraraðir staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grund og er nú í ár stefnan tekin vestur um haf til Bandaríkjanna, nánar til tekið til Colorado.

Fyrirhugað er að fljúga til Denver þann 26. september og koma heim að morgni 6. október. Colorado-fylki er rómað fyrir náttúrufegurð, Klettafjöllin, mikil gljúfur og skóga, jarðfræðileg djásn og fallega bæi. Ekið verður um og yfir Klettafjöllin, eftir fjallvegum þar sem útsýni og náttúrufegurð er mikil, skoðaðir merkir staðir á leiðinni, heimsóttir þjóðgarðar og að sjálfsögðu skoðaðir skógar! Gefinn verður tími til fræöflunar fyrir þá sem það vilja. Frjáls dagur (1 1/2 dagur) verður í Denver í lok ferðarinnar. Leiðsögumaður í ferðinni verður Þórarinn Benedikz skógfræðingur, en hann fór um þetta svæði ásamt Ágústi Árnasyni í fræsöfnunarferð árið 1971.

Nánari upplýsingar um ferðina má finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands - www.skog.is - undir *Ferðir*. Einnig má hafa samband í síma 551-8150 og á netfangið skog@skog.is.

Sérkjör fyrir félaga í skógræktarfélögum hjá Skeljungi og Orkunni

Félagsmönnum skógræktarfélaga bjóðast nú sérkjör hjá Skeljungi og Orkunni. Félagsmenn fá afslátt af eldsneyti og af ýmissi vöru og þjónustu hjá samstarfsaðilum Orkunnar og Skeljungs, auk þess sem ein króna af hverjum lítra rennur til Skógræktarfélags Íslands, meðal annars til uppbyggingar í Opnum skógum.

Til að sækja um lykil þarf að fara inn á www.orkan.is og fylla út umsókn. **Gæta þarf þess að skrifa „Skogfelag“ í reitinn þar sem stendur „Hópur“.**

Kortið/lykillinn er svo sent heim í pósti. Þeir sem eru þegar handhafar á Orkulyklinum en ekki með þessi afsláttarkjör geta haft samband við þjónustuver í síma 578-8800 eða sent fyrirspurn á orkan@orkan.is og afslátturinn verður uppfærður.

Fréttablað, 22. árgangur,
1. tölublað 2013.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150
Heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:
Ragnhildur Freysteinsdóttir.
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir og Einar Örn Jónsson.

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson
framkvæmdastjóri

Prentun:
Prentsmiðjan Oddi.

ODDI

UMHVERFISMERKI
141 776
PRENTGRIPUR

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

Arion banki

TOYOTA

Ljós og skuggar í Öskjuhlíð

Fólki gafst einstakt tækifæri til að sjá skóginn í Öskjuhlíð í nýju ljósi á Vetrarhátíð í Reykjavík sem fram fór dagana 7.-10 febrúar. Þar hafði ítalski arkitektinn Massimo Santanicchia komið upp ljósainnsetningum á völdum stöðum og var boðið upp á skipulagðar gönguferðir um þá. Verkefnið kallaðist Skuggaskógur og var unnið í samstarfi arkitektsins, Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Reykjavíkur. Gústaf Jarl Viðarsson skógfræðingur tók að sér að leiða gesti um undraheim Öskjuhlíðarinnar og voru þátttakendur hvattir til að hafa vasaljós meðferðis sem áttu sinn þátt í að skapa dulúðuga stemningu. Stundum brá andi skógarins á leik í myrkrinu og fór með ljóð fyrir gesti og gangandi.

Við val á stöðum var leitast við að endurspegla fjölbreytileika Öskjuhlíðarinnar en auk skógarins er þar að finna merkilegar náttúruminjar og mannvistarleifar. Þannig var einni innsetningunni komið fyrir í gili þar sem eitt sinn stóðu olíutankar setuliðsins og annarri var fundinn staður við stóran og svipmikinn klett í miðri hlíðinni.

Alls var boðið upp á sex göngur fyrir almenning meðan á Vetrarhátíð stóð en einnig fengu börn úr Ísaksskóla sérstaka leiðsögn um skóginn að morgni föstudagsins 7. febrúar. Á þriðja hundrað manns tók þátt í göngunum og ríkti almenn ánægja með tiltækið. Það er ekki að undra enda gafst þarna frábært tækifæri til að njóta skógarins í myrkri en eins og gefur að skilja veigra margir sér við að halda út í skóg eftir að skyggja tekur. Ljósainnsetningin gerði það einnig að verkum að fólk gat upplifað Öskjuhlíðina á annan hátt en það er vant og notið ljósanna, kyrrðarinnar og félagsskaparins.

Börnin lýsa inn í holur á stórum kletti sem var hluti af innsetningunni. Hölluðust þau helst að því að hér væri komin álfablokk (Mynd:EJ).

Gústaf Jarl Viðarsson leiðir hóp barna úr Ísaksskóla um Skuggaskóg í Öskjuhlíð. Börnin kunnu vel að meta ljósainnsetninguna og einn úr hópnum spurði hver hefði sett upp allt þetta jólaskraut (Mynd:EJ).

Það er ekki algengt að boðið sé upp á skógargöngur eftir að skyggja tekur hér á landi. Ljósainnsetningin í Öskjuhlíð sem og haustgöngur Skógræktarfélags Hafnarfjarðar í Höfðaskógi sýna þó að með góðu skipulagi og hugmyndaauðgi er hægt að gera slíkar göngur að magnaðri upplifun fyrir alla sem þátt taka. Auk ljósa má krydda göngurnar með tónlistaratriðum, ljóðalestri og leiklist svo eitthvað sé nefnt. Það er því full ástæða til að hvetja skógræktarfélög um land allt til að prófa sig áfram á þessu sviði og bjóða fólki til kvöldgöngu í skóginum.

Kynlegir kvistir

Tré eru jafn skemmtilega misjöfn eins og þau eru mörg. Erfðir og umhverfi kasta boltanum sín á milli og útkoman verður stundum skrautleg. Bergfuran á myndunum er gott dæmi. Hér hefur eitthvað komið fyrir toppbrumið, það skemmst, brotnað af eða hreinlega ekki myndast. Bergfurukvæmi hérlendis hafa sum afar veika toppsprotastjórnun og verða því oft margstofna. Þetta sjáum við hjá þessum einstaklingi þar sem hliðargreinarnar hafa vaxið í mörg ár út til hliðanna í hógværð sinni og engin þeirra sýnt tilburði til að mynda nýjan aðaltoppsprota líkt og gerist vanalega fljótt hjá flestum trjátegundum sem hér eru í ræktun. Sitkagreni er til dæmis afar lunkið við að jafna sig eftir brot á toppsprota og verður sjaldan margstofna.

Kynlegir kvistir mynda oft sérstakan við og vekja ímyndunarafl handverksmanna og útskurðarmeistara. Þeir geta skreytt og aukið fjölbreytni í útivistarskógi líkt og furan á myndinni en hún vex í Sólbrekkum, Opnum skógi Skógræktarfélags Suðurnesja.

Samstarf um rekstur og þjónustu í Heiðmörk

Jón Gnarr, borgarstjóri Reykjavíkurborgar, Þröstur Ólafsson, stjórnarformaður Skógræktarfélags Reykjavíkur og Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, skrifuðu undir samstarfssamning er varðar rekstur og þjónustu í Heiðmörk í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 3. janúar.

Sameiginlegt markmið samningsins er að standa vörð um neysluvatnsauðlindina í Heiðmörk, efla og bæta útivistarmöguleika á svæðinu og gera það enn eftirsóknarverðara til útivistar. Er þar meðal annars horft til þess að halda við og bæta skóglendi í Heiðmörk og veita fræðslu til almennings, félagasamtaka og skóla. Er það í fullu samræmi við megintilgang Skógræktarfélags Reykjavíkur, eins og fram kemur í 2. grein laga félagsins; *Tilgangur félagsins er að vinna að skógrækt, trjárækt og landbótum fyrir almenning í Reykjavík og víðar. Vill félagið með því stuðla að bættu samspili og lífsskilyrðum manna, dýra og gróðurs.*

Þröstur Ólafsson, stjórnarformaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, Jón Gnarr borgarstjóri og Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, skrifa undir samstarfssamning (Mynd: Skógræktarfélag Reykjavíkur).

Samningurinn er gerður til 10 ára og samkvæmt honum greiða Orkuveita Reykjavíkur og Reykjavíkurborg Skógræktarfélagi Reykjavíkur endurgjald fyrir þá þjónustu sem veitt er og nemur greiðslan til Skógræktarfélagsins fyrir árið 2013 tæplega 40 milljónum króna, þar af er hlutur Reykjavíkurborgar 33 milljónir og Orkuveitunnar 7 milljónir.

Heiðmörk er eitt vinsælasta útivistarsvæði landsins, með mörg hundruð þúsund heimsóknir þangað árlega, á öllum tímum ársins, enda veitir skógurinn sem þar vex gott skjól (Mynd:BJ).

Sjálfbærni í 300 ár

Í ár eru 300 ár frá útgáfu bókarinnar *Sylvicultura oeconomica* eftir Hans Carl von Carlowitz. Bókin inniheldur fyrstu heildrænu samantektina á skógrækt og umsýslu hennar og hvatti von Carlowitz í henni til betri umgengni við skóga og náttúru. Í bókinni setti hann fyrstur manna fram hugmyndina um sjálfbærni í skógrækt og er almennt talinn upphafsmaður hugtaksins sjálfbærni, þótt það komi aðeins einu sinni fram í bókinni. Bókin markar þannig þáttaskil í bæði sögu skógræktar og umhverfisverndar almennt.

Mit Gott!
SYLVICVLTVRA OECONOMICA,
Oder
Haußwirthliche Nachricht und Naturmäßige
Anweisung
Zur
Wilden Baum-Zucht
Nebst
Gründlicher Darstellung/
Wie zu förderst durch Göttliches Benedeyen dem allenthalben und insgemein einreissenden
Grossen Holtz-Mangel/
Vermittelst Säe- Pflantz- und Versetzung vielerhand Bäume zu prospiciren/ auch also durch Anflug und Wiederwachs des so wohl guten und schleunig anwachsend- als andern gewüchsig- und nützlichen Holtzes, ganz öde und abgetriebene Holtz-Ländereyen, Plätze und Orte widerum Holtzreich, nütz und brauchbar zu machen; Bevorab von Saam-Bäumen und wie der wilde Baum-Saamen zu sammlen, der Grund und Boden zum Säen zuzurichten, solche Saat zu bewerckstelligen, auch der junge Anflug und Wiederwachs zuhebsbachten. Daneben das sogenannte lebendige, oder Schlag-an Ober- und Untre-Holtz aufzubringen und zu vermehren, welches beygefügt die Arten des Tangel- und Laub-Holtzes/ theils deren Eigenschaffen und was besagtes Holtz für Saamen trage, auch wie man mit fremdden Baum-Gewächsen sich zu verhalten, ferner wie das Holtz zu fällen, zu verkohlen, zu äschern und sonst zu nutzen.
Alles zu nothdürfftiger Versorgung des Hauß- Bau- Brau- Berg- und Schmeltz-Wesens/ und wie eine immerwährende Holtz-Nutzung, Land und Leuten/ auch jedem Hauß-Wirthe zum schätzbaren großen Aufnehmen/ pfleglich und füglich zu erziehen und einzuführen.
Worbey zugleich eine gründliche Nachricht von den in Churfl. Sächß. Landen
Gefundenen Turff
Dessen Natürliche Beschaffenheit/ grossen Nutzen/ Gebrauch und nützlichen Verkohlung.
Aus Liebe zu Beförderung des algemeinen Bestens beschrieben
Von
Hannß Carl von Carlowitz/
Königl. Pohl. und Churfl. Sächß. Cammer-Rath und Ober-Berg-Hauptmann.
Mit Königl. Pohl. und Chufürstl. Sächß. allergnädigsten PRIVILEGIO.
LEIPZIG/
verlegts Johann Friedrich Braun 1713.

Hans Carl von Carlowitz fæddist á aðfangadag 1645 í Oberrabenstein og lést þann 3. mars 1714. Hann lærði lögfræði, stjórnsýslu og erlend tungumál en helgaði sig síðar rannsóknum í náttúrufræði og námavinnslu. Eins og aðrir ungir menn af góðum ættum fór hann í „Grand Tour“ - ferðalag um helstu menningarborgir Evrópu - og heimsótti meðal annars Frakkland, Holland, Danmörku, Svíþjóð, Ítalíu og Möltu. Árið 1677 hóf von Carlowitz störf í umsýslu námavinnslu í Saxlandi, en hann varð yfirmaður málaflokksins þar árið 1711. Meðal verkefna hans var að huga að framboði timburs til námavinnslu, en eins og hann hafði tekið eftir í ferðalagi sínu um Evrópu á sínum tíma (sem tók um fjögur ár) var framboð á timbri víða vandamál enda farið að ganga mikið á skógana. Átti það sérstaklega við námavinnslusvæði enda þurfti mikið af eldiviði til að bræða málmana og var nær búið að þurrka út skóga á sumum svæðum, þar sem tré höfðu verið felld áratugum saman án þess að nokkuð væri gróðursett í staðinn. Um 1700 var þetta orðið verulegt vandamál í Saxlandi þar sem von Carlowitz starfaði. Hækkun verðs á timbri leiddi til gjaldþrota og lokunar margra náma, sem leiddi aftur af sér atvinnuleysi á vissum svæðum. Það var ekki síst reynsla hans og athuganir á skógum tengdar námaiðnaðinum sem skilaði sér í bókina *Sylvicultura oeconomica*, sem kom út árið 1713, en í henni dró hann saman helstu þekkingu um skógrækt á þeim tíma og jók við út frá eigin reynslu.

Þeir sem geta lesið þýsku (og gotneskt letur) geta lesið bókina á vefnum, en hún er aðgengileg hjá Google Books (http://books.google.is/ og slá inn *Sylvicultura oeconomica í* leitargluggann).

Netfangaleikur Laufblaðsins

Eins og fram hefur komið munu tvö af þremur tölublöðum Laufblaðsins í ár vera á rafrænu formi. Til að blaðið skili sér til félagsmanna skiptir því höfuðmáli að hafa uppfært netfang hjá félögum í skógræktarfélögum. Þess vegna er nú, annað árið í röð, settur í gang Netfangaleikur Laufblaðsins, en miði um leikinn á að hafa fylgt með félagsskírteinum ársins 2013.

Allir félagar í skógræktarfélögum sem skráðir eru með netfang fara í pott í Netfangaleik Laufblaðsins. Þann 15. maí verða svo þrír heppnir félagar með netfang dregnir út í leiknum og fá þeir í verðlaun gjafakort að verðmæti kr. 7.500. Skrá má netfang eða athuga með skráningu í síma 551-8150 eða á netfangið rf@skog.is.

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík
Arkís arkitektar ehf, Katrínartúni 2
Auglýsingastofan ENNEMM, Brautarholti 10
Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2
Árni Reynisson ehf, Skipholti 50d
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Brim hf, Bræðraborgarstíg 16
BSR ehf, Skógarhlíð 18
E.T. ehf, Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Eyjólfur Rósmundsson ehf, meindýraeyðing, Jöldugróf 12
Ferðaþjónustan Ísafold ehf, Smiðshöfða 21
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Garðheimar, Stekkjabakka 6
Garðmenn ehf, Skipasundi 83
Garðyrkjuþjónustan ehf, Skipholti 29b
Gestamóttakan ehf - Your Host in Iceland, Kirkjutorgi 6
Gjögur hf, Kringlunni 7
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Háskóli Íslands, Sæmundargötu 4
Hilmar D. Ólafsson ehf, Langholtsvegi 13
Ísól ehf, Ármúla 17
Kemi ehf-www.kemi.is, Tunguhálsi 10
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
KOM almannatengsl, Höfðatorgi Turninum
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landvernd, Skúlatúni 6
Loftstokkahreinsun.is, s: 567-0882/893-3397, Garðhúsum 6
Logaland - Heilbrigðisvörur, Tunguhálsi 8
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Mirage slf, Lyngrima 3
Nexus afþreying ehf, Hverfisgötu 103
Nói-Síríus hf, Hesthálsi 2-4
Óv vélar ehf, Jörfagrund 50
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Rafsvið sf, Þorláksgeisla 100
Raftíðni ehf, Grandagarði 16
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu
Reykjavíkurborg, Umhverfis- og skipulagssvið, Borgartúni 12-14
Samiðn, samband iðnfélaga, Borgartúni 30
Skúlason og Jónsson ehf, Skútuvogi 6
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Stepp ehf, Ármúla 32
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
T.ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Túnverk ehf, túnþökusala, Jónsgeisla 45
Umslag ehf, Lágmúla 5
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
Veiðikortið ehf, Kleifarseli 5
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf, Hraunbergi 4
Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164
Þ. Þorgrímsson og Co ehf, Ármúla 29

Vogar
Grein ehf, Litlabæ, Vatnsleysuströnd

Kópavogur
Byggðaþjónustan bókhald, Auðbrekku 22
Hvellur-G. Tómasson ehf, Smiðjuvegi 30
Innviðir ehf, Smiðjuvegi 36
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
JSÓ ehf, Smiðjuvegi 4b
Ljósvakinn ehf, Vesturvör 30b
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8

Garðabær
Fagval ehf, Smiðsbúð 4
Hurðaborg ehf, Sunnuflöt 45
Manus ehf, Smiðsbúð 7
Raftækniþjónusta Trausta ehf, Lyngási 14
Samhentir-Kassagerð ehf, Suðurhrauni 4
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður
Eiríkur og Einar Valur hf, Norðurbakka 17b
Fura málmendurvinnslan ehf, Hringhellu 3
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhellu 1
Hvalur hf, Reykjavíkurvegi 48
Polarolje, sími 698-7999, Heiðvangi 26
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær
Aflbinding-Járnverktakar ehf, Kliftröð 5
Ásberg fasteignasala ehf, Hafnargötu 27
Bókasafn Reykjanesbæjar, Hafnargötu 57
Renniverkstæði Jens Tómassonar, Fitjabakka 1c
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945
Suðurflug ehf, Keflavíkurflugvelli
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19
Varmamót ehf, Framnesvegi 19
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Grindavík
Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a

Ljóðahornið

Einn lesandi Laufblaðsins hafði samband við ritstjóra með þá hugmynd að birta inn á milli ljóð um tré og skóga í blaðinu, þar sem svo mikið væri til af fallegum skógarljóðum. Ritstjóra leist strax vel á þessa hugmynd og má lesa fyrsta ljóðið, sem birt er í hinu nýstofnaða Ljóðahorni Laufblaðsins, hér til hliðar.

Senda má ábendingar um falleg eða áhugaverð ljóð til ritstjóra á netfangið rf@skog.is. Frumsamin ljóð eru einnig velkomin, ef einhver vill nota þennan vettvang til að koma kveðskap sínum á framfæri.

Höfundur ljóðs er Kjartan Árnason (1959-2012). Hann skrifaði pistla og bókmenntagagnrýni fyrir útvarp og dagblöð, kenndi í grunnskóla, framhaldsskóla og við Háskóla Íslands og stofnaði bókaforlagið Örlagið, þar sem verk hans komu út, en eftir hann liggja sögur, smásögur, örleikrit, ljóð og þýðingar. Kjartan var einnig einn af frumkvöðlum að stofnun Ritlistahóps Kópavogs.

Haustar að

Nú smýgur skáldið
í anorakkinn sinn
hnébuxurnar og þykka sport
sokkana, gönguskó

setur harðfisklufsu í bakpokann
smjörklípu
og kakóflösku í ullarsokk
minnisblokk og blýant

Heldur til skógar að lesa
fölnuð blöð af greinum trjánna
yrkja litskrúð hrungjarnra laufa
inní angurblíð ljóð um fegurð
og dauða

ó þú einsemd
-þú hverfula líf!

Hikar við jaðarinn

Skógurinn fullur af skáldum

HAFKORN

Kalkþörungar - Jarðvegsbætiefni

Vantar kalk og steinefni í jarðveginn?

HAFKORN eru fínmalaðir og kornaðir kalkþörungar úr Arnarfirði. Þeir leysast fljótt upp í jarðvegi. Gróðurinn byrjar strax að nýta sér hin fjölmörgu stein- og snefilefni sem í þeim eru.

Kalkþörungar mynda gegndræpan innri stoðvef úr kalki og öðrum steinefnum úr hafinu. Þetta bætir uppbyggingu jarðvegsins ásamt því að auðvelda plöntum upptöku köfnunarefnis, forsfórs og kalí.

HAFKORN getur þannig dregið úr þörfinni fyrir annan áburð.

Fæst í flestum garðyrkju- og byggingavöruverslunum.

- **HAFKORN** brotnar hratt niður og plöntur eiga auðvelt með að nýta það.
- Það þarf mun minna magn en ráðlagt er af öðrum kalkgjöfum.
- Hækkar sýrustig (pH) í jarðvegi og dregur þannig úr mosavexti.
- Hentar vel til garðyrkju og matjurtaræktar.
- Viðurkennd aðföng til lífrænnar framleiðslu. Vottuð náttúruafurð.

Innihald:

Kalsíum	CaCO3	85%
Magnesíum	MgO	11,5%
Fosfór	P	0,08%
Kalí	K	0,1%
Brennisteinn	S	0,45%

Auk þess mikill fjöldi annarra nauðsynlegra stein- og snefilefna.

VOTTUÐ NÁTTÚRUAFURÐ TUN

Hafkalk ehf. – 465 Bíldudal – www.hafkalk.is

HAFKALK

Skógræktarritið Áskriftartilboð

Nýir áskrifendur fá tvö síðustu hefti að gjöf auk fallegs smjörhnífs unnum úr íslenskum viði. Hnífarnir eru ýmist úr birki eða ösp af klóninum Iðunni.

Hafið samband í s. 551-8150
eða á netfangið skog@skog.is

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Mosfellsbær
Glertækni ehf, Völuteigi 21
Nonni litli ehf, Þverholti 8
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6

Akranes
Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar, Dalbraut 6
Gísli Stefán Jónsson ehf, Stillholti 7
GT Tækni ehf, Grundartanga
Straumnes ehf, rafverktakar, Krókatúni 22-24

Borgarnes
Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Framköllunarþjónustan ehf, Brúartorgi 4
Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri
Skógræktarfélag Borgarfjarðar, Kveldúlfsgötu 18

Stykkishólmur
Þ.B. Borg trésmiðja ehf, Silfurgötu 36

Ólafsvík
Útgerðarfélagið Guðmundur ehf, Brautarholti 18

Hellissandur
KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1
Vélsmiðja Árna Jóns ehf, Smiðjugötu 6

Reykhólahreppur
Reykhólahreppur, Maríutröð 5a

Ísafjörður
Ferðaþjónustan í Heydal, Mjóafirði
Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi
Orkubú Vestfjarða hf, Stakkanesi 1
Útgerðarfélagið Kjölur ehf, Urðarvegi 37

Súðavík
Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3
Víkurbúðin ehf, Grundarstræti 1

Hvammstangi
Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5

Blönduós
Glaðheimar sumarhús opið allt árið s: 820-1300
Gullregn - garðplöntustöð, Auðkúlu 1

Skagaströnd
Elfa ehf, Oddagötu 22
Sveitarfélagið Skagaströnd, Túnbraut 1-3

Sauðárkrókur
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Skagafjarðarveitur - hitaveita, Borgarteigi 15

Akureyri
Gróðrarstöðin Réttarhóll s. 461-1660, Smáratúni 16b
Höldur - Bílaleiga Akureyrar, Tryggvabraut 12
Ísgát ehf, Furulundi 13f
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Orlofsbyggðin Illugastöðum, Fnjóskadal
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1
Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

Dalvík
Promens Dalvík ehf, Gunnarsbraut 12

Ólafsfjörður
Árni Helgason ehf, vélaverkstæði, Hlíðarvegi 54

Húsavík
Knarrareyri ehf, Túngötu 6
Sorpsamlag Þingeyinga ehf, Víðimóum 3

Laugar
Framhaldsskólinn á Laugum, Laugum Reykjadal
Gistiheimilið Stóru-Laugar, s: 464-2990, Stóru-Laugum

Mývatn
Jarðböðin við Mývatn, Jarðbaðshólum

Bakkafjörður
Hraungerði ehf, Hraunstíg 1

Vopnafjörður
Mælifell ehf, Háholti 2
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir
Austfjarðaflutningar ehf, Kelduskógum 19
Bílamálun Egilsstöðum ehf, Fagradalsbraut 21-23
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1

Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Reyðarfjörður
Tærgesen ehf, Búðargötu 4

Eskifjörður
Fjarðaþrif ehf, Strandgötu 46c

Endurnýjun samstarfssamnings Garðabæjar og Skógræktarfélags Garðabæjar

Á aðalfundi Skógræktarfélags Garðabæjar 2013 sem haldinn var í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli 19. mars síðastliðinn undirrituðu Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar og Barbara Stanzeit, gjaldkeri Skógræktarfélagsins, samstarfssamning milli Skógræktarfélagsins og Garðabæjar. Þetta er endurnýjun samstarfssamnings sem gerður var fyrst árið 2008 í tilefni af 20 ára afmæli Skógræktarfélagsins, en í ár er einmitt 25 ára afmæli þess. Mun félagið standa fyrir ýmsum viðburðum að venju, en að auki mun félagið vera gestgjafi Aðalfundar Skógræktarfélags Íslands í ágúst og verður það í fyrsta sinn sem fundurinn er haldinn í Garðabæ.

Samstarfssamningur Skógræktarfélags Rangæinga

Undirritaðir hafa verið samstarfssamningar Skógræktarfélags Rangæinga og sveitarfélaganna Rangárþings ytra og Rangárþings eystra. Samningarnir kveða á um fjárframlag til skógræktarfélagsins og að auk þess geti Skógræktarfélag Rangæinga fengið aðgang að mannafla og tækjum sveitarfélaganna til ákveðinna verkefna. Þá hefur Ásahreppur einnig samþykkt að styrkja félagið með fjárframlagi. Samstarfssamningum þessum er ætlað að efla samstarf milli sveitarfélaganna og Skógræktarfélags Rangæinga. Meginmarkmið samningsins er opna augu almennings fyrir útivistar- og afþreyingarmöguleikum á skógræktarsvæðum sýslunnar og treysta starfsemi Skógræktarfélags Rangæinga. Samningarnir gilda til þriggja ára.



Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
www.fit.is

GARÐABÆR

TREX
Hópferðamiðstöðin

icepharma
Bætt líðan · Betra líf

ÍSTAK

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Landsvirkjun

GARDENA®

molta

GRÓÐRARSTÖÐIN
Mörk
Stjörnugróf 18 • Sími 581 4550 • Fax 581 2228
www. mork.is mork@mork.is

North Sailing
HÚSAVÍK

olís

pwc

SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA
www.gardyrkja.is

SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Hólmfríður Finnbogadóttir lætur af störfum hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar

Hólmfríður Finnbogadóttir ásamt nýjum framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, Steinari Björgvinssyni (Mynd:RF).

Á aðalfundi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar þann 21. mars síðastliðinn lét Hólmfríður Finnbogadóttir formlega af störfum sem framkvæmdastjóri félagsins, en hún hefur gegnt því starfi frá árinu 1998. Við starfinu tekur Steinar Björgvinsson, ræktunarstjóri Gróðrarstöðvarinnar Þallar, sem félagið á og rekur. Á aðalfundinum var einnig samþykkt einróma að gera Hólmfríði að heiðursfélaga í Skógræktarfélaginu og er hún önnur manneskjan til að vera heiðruð svo. Hólmfríður er einnig heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands, en það var hún gerð árið 2006 er Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Hafnarfirði.

Hólmfríður á sér langa sögu hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar. Hún hóf störf hjá félaginu árið 1980 og vann þá mjög náið með þáverandi formanni félagsins, Ólafi Vilhjálmssyni. Þremur árum síðar var hún kosin í stjórn félagsins og varð formaður þess árið 1989, en því embætti gegndi hún þar til hún tók við stöðu framkvæmdastjóra félagsins.

Hólmfríður á stóran þátt í uppbyggingu gróðrarstöðvarinnar Þallar, en í hennar tíð var reistur húsakostur stöðvarinnar, bæði aðstöðuhús og gróðurhús, ræktunarsvæðið stækkað og rafmagn og vatn leitt að svæðinu. Hún hefur alla tíð sína hjá félaginu tekið vel á móti gestum sem þangað hafa leitað, haldið vel utan um ungmenni sem unnið hafa sumarvinnu hjá því, en þau skipta nú orðið hundruðum og sinnt félaginu af miklum dugnaði og samviskusemi og gert sitt til að gera veg félagsins sem mestan og bestan. Fyrir vikið hefur Hólmfríður orðið samnefnari félagsins í margra huga. Það eru því ákveðin kaflaskil í sögu félagsins nú þegar hún lætur af störfum. Hólmfríður mun þó efalaust fylgjast náið með starfsemi skógræktarfélagsins og leggja áfram sitt af mörkum til að félagið geti áfram þrifist og dafnað.

Á aðalfundinum hélt Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Garðyrkjufélags Íslands, erindi um ræktun rósa í skjóli skóga og má til gamans geta þess að í erindi sínu kynnti hann til sögunnar rósina 'Hólmfríði', sem er einmitt nefnd í höfuðið á Hólmfríði Finnbogadóttur. Rósin er ígulrós, sem Vilhjálmur ræktaði af fræi úr nýpum sem týndar voru haustið 2002 í rósagarði í Madison í Wisconsin í Bandaríkjunum. Rósin er hin fegursta eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, með góða fyllingu, ilmgóð og virðist geta blómstrað sumarlangt.

Rósin 'Hólmfríður' (Mynd: Vilhjálmur Lúðvíksson).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Neskaupstaður
Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf, Hafnarbraut 10
Síldarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði
Hornabrauð ehf, Litlubrú 1
Skinney - Þinganes hf, Krossey

Selfoss
Búnaðarfélag Bláskógarbyggðar, Dalbraut 1
Búnaðarfélag Grafningshrepps, Villingavatni
Fossvélar ehf, Hellismýri 7
Jóhann Helgi og Co ehf, Vatnsholti 2
Orkugerðin ehf, Heiðargerði 5
Pípulagnir Helga ehf, Gagnheiði 11
Skeiðahreppur og Gnúpverja-hreppur, Árnesi
Ölur, skógræktarstöð, Sólheimum Grímsnesi

Hveragerði
Ficus ehf, Bröttuhlíð 2
Garðyrkjustöð Ingibjargar, Heiðmörk 38

Þorlákshöfn
Garðyrkjustjóri Sveitarfélagsins
Ölfuss, Hafnarbergi 1

Ölfus
Gróðrarstöðin Kjarr, Kjarri

Flúðir
Gröfutækni ehf, Iðjuslóð 1

Hella
Rangárþing - Ytra, Suðurlandsvegi 1

Hvolsvöllur
Anna og Árni á Akri, Akri
Búaðföng-bu.is, Stórólfsvöllum
Rangárþing eystra, Hlíðarvegi 16

Vestmannaeyjar
Bókasafn Vestmannaeyja, Safnahúsinu
Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28
Vélaverkstæðið Þór ehf, Norðursundi 9

Sérstakur reynir

Í 3. tölublaði Laufblaðsins 2012 var sagt frá sérstöku reynitré sem óx við óvenjulegar aðstæður í Tómgili, norðvestan við Kaldnasa í Snæfellsnes-fjallgarðinum. Áhugaverð reynitré á ýmsu formi má hins vegar finna víða um land á ólíklegustu stöðum.

Laufblaðið fékk sent þessa mynd af reyniviði, sem er í Fosshjallabrekku í landi Kjósar í Árneshreppi í Strandasýslu (vatnið sem glittir í hægra megin á myndinni er Reykjarfjörður), en reynir er alls ekki algengur á þessum slóðum. Minnir þessi reynir meira á runna en tré, þar sem hann rétt gægist upp yfir birkikjarrið í kringum hann og sýnir hann vel hversu fjölbreytt vaxtarlag reynir getur haft.

Myndina tók Hulda Alexandersdóttir.



Stefnumörkun um skógrækt

Nýlega var kynnt stefnumörkun í skógrækt á Íslandi. Þessi vinna hefur átt nokkurn aðdraganda. Haustið 2006 fól þáverandi landbúnaðarráðherra Skógrækt ríkisins að vinna að stefnumótuninni og fékk skógræktarstjóri til liðs fulltrúa úr öllum skógræktargeiranum til að taka þátt í vinnunni.

Frá upphafi var töluvert horft til nágrannalanda okkar, sérstaklega Skotlands og Írlands, enda ekki ósvipaðar aðstæður þar og hér. Bæði þessi lönd voru nánast skóglaus fyrir hundrað árum en markvisst hefur verið unnið að uppbyggingarstarfi við skógrækt.

Drög að stefnunni voru send út til umsagnar haustið 2010 og bárust athugasemdir frá 41 aðila. Tekið var töluvert tillit til margra þessara athugasemda og segja má að stefnumótunin hafi tekið töluverðum stakkaskiptum í kjölfarið.

Þrátt fyrir að horft hafi verið til hugmynda frá nágrönnum okkar eru aðstæður hér um margt frábrugðnar og vinna nefndarinnar fólst fyrst og fremst í því að horfa á raunveruleikann hér á landi og marka raunhæfa stefnu sem hægt væri að byggja á til næstu ára.

Segja má að sá áhersluþáttur sem skógræktarfélög vítt og breitt um landið hafa markað undanfarna áratugi komist vel til skila í stefnumörkuninni. Fjallað er meðal annars um samfélag, aðgengi og heilsu í sérstökum kafla en þar er vissulega horft til útivistarskóga landsins, sem hefur verið höfuðverkefni skógræktarfélaganna.

Stefnumörkun er í sjálfu sér ekki endanlegt plagg og þarf að endurnýja og uppfæra reglulega. Auk þess sem nauðsynlegt er að stefnumörkun hafi bæði bakland í lögum (en núverandi skógræktarlög eru löngu úrelt) og að gerð verði heildaráætlun, svokölluð landsáætlun, sem rammi inn bæði fjárhagsleg og mælanleg markmið í lengd og tíma, þar sem fjallað er meðal annars um rannsóknir, menntun, miðlun þekkingar, vöktun og mat á árangri.

Nánar má lesa um stefnumótunina á heimasíðu Skógræktar ríkisins - http://www.skogur.is/forsida/nr/1877.

Sumardagskrá skógræktarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Dags.	Viðburður. Mæting, tími.
06.05	Fræðslufundur. Sk. Mosfellsbæjar.
17.05	Úteyjarlundur. Sk. Reykjavíkur.
18.05	Handverkssýning Viðarvina á tálguðum, renndum og útskornum munum. Selið, Kaldárselsvegi, kl. 10:00-18:00. Sk. Hafnarfjarðar.
01.06	Fuglaskoðun í Höfðaskógi. Mæting við Selið, Kaldárselsvegi kl. 10:00. Sk. Hafnarfjarðar.
08.06	Skógardagur. Heiðmörk. Skógræktarfélag Reykjavíkur.
11.06	Fræðsluganga. Selhólar í Lækjarbotnum - Gróður, jarðfræði og saga. Mæting við Tröllabörn, Suðurlandsvegi, kl. 19:30. Sk. Kópavogs.
19.06	Skógarganga. Jónasarstígur. Sk. Mosfellsbæjar.
22.06.	Hjólaferð. Frá Elliðavatni til Hamrahlíðar. Sk. Mosfellsbæjar & Sk. Reykjavíkur.
25.06	Fræðsluganga. Vatnsendi við Elliðavatn - gróður og saga frá Elliðahvammi að Þingnesi. Bílastæði ofan við Elliðahvamm kl. 19:30. Sk. Kópavogs.
27.06	Skógarganga um Gráhelluhraun. Mæting við hesthúsin í Hlíðarþúfum við Kaldárselsveg kl. 20:00. Sk. Hafnarfjarðar.
09.07	Fræðsluganga. Kópavogsdalur - Vin í alfaraleið, gróður og saga. Lagt upp frá Digraneskirkju, kl. 19:30. Sk. Kópavogs.
23.07	Fræðsluganga. Vatnsendahlíð - Rétt við bæjardyrnar, gróður og jarðfræði. Guðmundarlundi, kl. 19:30. Sk. Kópavogs.
25.07	Ganga um Trjá- og Rósasafnið í Höfðaskógi. Mæting við Selið, Kaldárselsvegi kl. 20:00. Sk. Hafnarfjarðar
13.08	Fjölskyldudagur í Guðmundarlundi - Ratleikir, útivist og kveikt upp í kolunum. Guðmundarlundi, kl. 18:00. Sk. Kópavogs.
15.08	Sveppaganga. Sk. Reykjavíkur.
18.08	Skógar- og útivistardagur fjölskyldunnar. Árleg hátíð í Höfðaskógi og við Hvaleyrarvatn. Kl. 14-17. Sk. Hafnarfjarðar
14.09	Sjálfboðaliðadagur. Gróðursetning í Vatnshlíð í minningarlund um hjónin Hjálmar R. Bárðarson og Else S. Bárðarson. Mæting í Vatnshlíð kl. 10:00. Sk. Hafnarfjarðar
21.09	Skógardagur í Guðmundarlundi - Fræðsla og leikir - barnadagskrá. Guðmundarlundi, kl. 18:00. Sk. Kópavogs.

* Sk. Garðabæjar verður með vinnukvöld öll þriðjudagskvöld frá 07.05 til og með 25.06

Nánari dagskrá hvers viðburðar verður auglýst síðar. Fleiri viðburðir geta bæst við.

Fylgist með á www.skog.is og heimasíðum skógræktarfélaganna!